

**Nd.**

## **95. Fyrirspurn**

til dómsmálaráðherra út af birtingu skýrslu um rannsókn Þormóðsslyssins.

Frá Finni Jónssyni og Eysteini Jónssyni.

Hvers vegna hefur dómsmálaráðherra aðeins hirt eigin útdrátt úr sjódomsrannsókn Þormóðsslyssins, en eigi skýrslu sjódomsins sjálfs um rannsóknina?

**Greinargerð.**

Hinn 19. febr. þ. á. sendi dómsmálaráðuneytið blöðunum í Reykjavík skýrslu um rannsókn Þormóðsslyssins. Eftir því sem fyrirsp. hafa fengið vitneskju um, er skýrsla þessi eigi hin sama og sjódomur Reykjavíkur sendi frá sér til stjórnarráðsins. Er úr henni sleppt mjög veigamiklum atriðum, svo sem álit skipasmiða um styrkleika Þormóðs, sem þó munu hafa komið fram við rannsóknina og vera á þá leið, að skipið hafi eigi uppfyllt kröfur þær, sem skipaeftirlitinu ber að gera um slík skip. Enn fremur mun vanta í skýrslu dómsmálaráðherra ýmis önnur atriði, er miklu máli skipta.

Þar eð sjódomsrannsókn þessi mun vera hin eina af þessu tagi og hin ýtarlegasta og var gerð út af einhverju hinu hörmulegasta slysi síðari ára, í því skyni, ef eitthvað mætti af henni læra, að koma í veg fyrir sams konar atburði, verður að teljast mjög misráðið af dómsmálaráðherra að birta aðeins ófullkominn útdrátt úr henni, sem eigi gefur rétta hugmynd um ástand skipsins, en eigi álit sjódomsins sjálfs. Getur þessi aðferð orðið til þess að tefja það, að nauðsynlegar ráðstafanir verði nú þegar gerðar til öryggis, bæði gagnvart skipaeftirlitinu og um traustleika gamalla skipa, sem keypt hafa verið til landsins.

Telja fyrirsp. að framangreindum ástæðum athuguðum, að Alþingi eigi rétt á að fá að vita, hvað veldur þessari aðferð dómsmálaráðherra í málinu.